



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 · 150 Reykjavík

sími: 545 9500 · bréfsími: 562 3068

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Til grunnskóla og hagsmunaaðila

Reykjavík 8. október 2015

Tilv.: MMR15100002/6.12.2

Efni: Breytingar á aðalnámskrá grunnskóla

Birt hefur verið auglýsing í Stjórnartíðindum um breytingu á aðalnámskrá grunnskóla og á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytis.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/8391>

Að undanförmu hefur verið unnið að nokkrum breytingum á aðalnámskrá grunnskóla í kjölfar ákvörðunar ráðherra. Breytingarnar lúta að viðmiðum um námsmat í grunnskóla, tengslum við hæfniprep framhaldsskóla og matsviðmið í lykilhæfni við lok grunnskóla. Þessar ákvarðanir voru kynntar með bréfi til grunnskóla og ýmissa hagsmunaaðila með bréfi þann 24. nóvember 2014 og hvaða áhrif þær myndu hafa á námsmat í grunnskólum. Þær breytingar sem nú hafa verið formlega staðfestar hafa áhrif á kafla 9.4, 9.5 og 18.4 í aðalnámskrá grunnskóla.

**Helstu breytingar á kafla 9.4:** B+ og C+ hefur verið bætt við námsmatskvarðann, þær einkunnir lýsa hæfni nemenda sem náð hafa að hluta til viðmiðum sem lýst er í aðalnámskrá. Matskvarðinn er því skilgreindur núna sem sex einkunnir: A, B+, B, C+, C og D. Lýsingar á matsviðmiðum standa á bak við einkunnirnar A, B og C. Minna má á að matsviðmið fyrir B eru byggð á hæfniviðmiðum sem skilgreind eru í aðalnámskrá fyrir 10. bekk og framsetning þeirra er með þeim hætti að gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni. Tafla á bls. 56 í aðalnámskrá grunnskóla sem lýsir kvarðanum fyrir námssvið og lykilhæfni hefur verið tekin út. Ekki er gert ráð fyrir að einkunn í lykilhæfni sé birt á vitnisburðarskírteini nemenda við lok grunnskóla en gert er ráð fyrir því að unnið sé með lykilhæfni á öllum námssviðum og lagt mat á hana í öllum árgöngum.

**Helstu breytingar á kafla 9.5:** Námsmatskvarðinn A-D er skilgreindur þannig að nemandi sem fær B, B+ eða A hefur náð hæfniviðmiðum í 10. bekk. Má því gera ráð fyrir að þeir nemendur sem ná þeim viðmiðum búi yfir hæfni til þess að hefja nám í íslensku, ensku og stærðfræði í framhaldsskóla á hæfniprepi tvö. Mat á því hvaða þrep hentar best hverjum og einum er í höndum viðkomandi framhaldsskóla í samráði við nemendur og foreldra og er útfært nánar í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla. Ávallt er um einstaklingsmiðað mat að ræða. Grunnskólinn er ábyrgur fyrir því að um réttmætt og áreiðanlegt mat sé að ræða við lok grunnskóla og á að veita nemendum, foreldrum og framhaldsskólum sem besta leiðsögn.

**Eftirfarandi málsgrein hefur verið tekin úr kafla 18.4 og fellur því úr gildi:**

*"Mat á lykilhæfni við lok grunnskóla er samstarfsverkefni allra kennara nemandans og nemandans sjálfs þegar við á. Við lok 10. bekkjar metur hver og einn kennari að hvaða marki nemandi hefur náð þeirri hæfni sem lýst er í hæfniviðmiðum og matsviðmiðum lykilhæfnipáttanna fimm með hliðsjón af tilteknu námssviði eða námsgrein. Kennarar skila svo sameiginlegu mati fyrir hvern*

*lykilhæfnipátt sem birt er í vitnisburði nemanda við lok  
grunnskóla. Þeir koma sér saman um að hvaða marki nemandi  
hefur lykilhæfni á valdi sínu. Nota skal bókstafina A, B, C og D  
fyrir hvern og einn lykilhæfnipátt eftir því sem við á."*

Ráðuneytið óskar eftir því að skólastjórnendur kynni sér þessar breytingar og að þær verði kynntar innan skólans með viðeigandi hætti, fyrir öðru starfsfólki, nemendum og foreldrum. Ráðuneytið vekur einnig athygli á sérstökum upplýsingavef um námsmat sem hefur verið opnaður hjá Menntamálastofnun þar sem m.a. er fjallað nánar um ýmis ákvæði aðalnámskár um námsmat: <http://vefir.nams.is/namsmat/>

Fyrir hönd ráðherra

  
Hellen Gunnarsdóttir

  
Björg Pétursdóttir